



FJÁRFESTINGARSTEFNA

FEBRÚAR 2025



BRUNABÓT

EFNISYFIRLIT

1.	FORSENDUR FJÁRFESTINGARSTEFNU	4
1.1	Umfjöllun um markmið fjárfestingarstefnu	4
1.2	Staða eignasafns.....	4
1.3	Núverandi eignasamsetning.....	4
2.	MAT Á ÁHÆTTU FJÁRFESTINGARSTEFNU	5
3.	FJÁRFESTINGARSTEFNA	6
4.	UNDIRRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA.....	7

FJÁRFESTINGARSTEFNA EIGNARHALDSFÉLAGSINS BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS

1. FORSENDUR FJÁRFESTINGARSTEFNU

Við gerð fjárfestingarstefnu Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands (EBÍ) er í meginatriðum miðað við samskonar uppbyggingu og lífeyrissjóðir gera skv. lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Horft er í gegnum undirliggjandi verðbréfa- og fjárfestingarsjóði. Eignasafn skal ávaxtað í samræmi við fjárfestingarstefnu og gildandi lög og/eða samþykktir þar sem við á.

Samkvæmt lögum frá Alþingi og samþykktum félagsins er tilgangur og hlutverk EBÍ og sameignarsjóðs þess einkum:

- að taka þátt í váttryggingastarfsemi með eignaraðild að váttryggingafélögum eftir því sem stjórn og fulltrúaráð félagsins ákveður að tengist starfsemi og þjóni hagsmunum þess. Kemur hér til greina eignarhald í öðrum félögum, innlendum sem erlendum, og í skyldum rekstri svo sem fjármögnunarstarfsemi, bankastarfsemi o.fl. í takt við þróun markaðarins að hverju sinni. Enn fremur að stuðla að þróun váttrygginga með fræðslu og menntun.
- að stuðla að ráðgjöf á sviði váttrygginga til handa sveitarfélögum sem aðild eiga að EBÍ, svo sem við áhættumat og stjórnun váttryggingatöku í því skyni að ná fram sem hagstæðastri váttryggingavernd fyrir viðkomandi sveitarfélög.
- að stunda lánastarfsemi, meðal annars til verklegra framkvæmda sveitarfélaga, eftir því sem ástæður félagsins leyfa.
- að stuðla að eflingu brunavarna og slökkviliða svo og alhliða forvarnarstarfi í sveitarfélögum. Einnig að hvetja til aukinnar og virkari áhættustjórnunar.

1.1 UMFJÖLLUN UM MARKMIÐ FJÁRFESTINGARSTEFNU

Meginmarkmið í ávöxtun EBÍ eru:

- að EBÍ standi undir skilgreindum markmiðum um árlega útgreiðslu til sveitarfélaga í formi ágóðahlutar
 - Stjórn falið að ákveða endanlega upphæð ágóðahlutans
 - Stjórn metur og hefur heimild til að ákveða hærri/lægri greiðslu
- að lágmarka líkur á að skerða þurfi höfuðstól á milli ára

Eignasafnið er ávaxtað í einni fjárfestingarleið og er eignastýringu að hluta úthýst til fjárvörsluáðila.

1.2 STAÐA EIGNASAFNS

Í árslok 2024 var heildareign EBÍ um 2,93 ma.kr. í samanburði við stöðu í upphafi árs um 2,87 ma.kr.

1.3 NÚVERANDI EIGNASAMSETNING

Eignasamsetning eignasafns EBÍ er í meginatriðum samsvarandi markmiðum um eignasamsetningu samkvæmt fjárfestingarstefnu. Fjárfestingarstefna er að jafnaði endurskoðuð árlega, en vikmörk eru nýtt í samræmi við markaðsaðstæður, hverju sinni. Í árslok 2024 var eignasamsetning innan vikmarka fyrir alla eignaflokka og hefur því ekki takmarkandi áhrif á mögulega fjárfestingarstefnu.

2. MAT Á ÁHÆTTU FJÁRFESTINGARSTEFNU

Samsetning fjárfestingarstefnu er með þeim hætti að hún mæti sem best þeim markmiðum og væntingum sem stjórn hefur til að mynda um áhættu og ávöxtun.

Lögð er áhersla á að vökmörk í fjárfestingarstefnu gefi möguleika á að breyta eignasamsetningu í takt við mat á markaðsaðstæðum hverju sinni.

Langtímamarkmið er að ná hærri raunávöxtun en fæst með því að fjárfesta eingöngu í ríkisskuldabréfum og að flökt (mælt með staðalfrávik) í ávöxtun sé í samræmi við flökt einstakra eignaflokka safnanna á hverjum tíma samkvæmt fjárfestingarstefnunni.

Vænt nafnávöxtun og vænt flökt er byggt á mati út frá grunnforsendum og markaðsaðstæðum ásamt framtíðarhorfum hvers eignaflokks fyrir sig.

Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir vænta raunávöxtun og flökt eignaflokkanna sem mynda forsendur fyrir væntri raunávöxtun eignasafns. Vænt raunávöxtun og flökt eignasafns miðað við framangreindar forsendur og fjárfestingarstefnu er 5,5% annars vegar og 6,6% hins vegar.

EIGNAFLOKKUR	VÆNT ÁVÖXTUN	FLÖKT (STAÐALFRÁVIK)	STEFNA 2025
Innlend skuldabréf	8,6%	7,2%	79%
Erlend skuldabréf	4,2%	8,4%	1%
Erlend hlutabréf	12,8%	19,8%	10%
Innlend hlutabréf	11,8%	29,7%	9%
Innlendar sérhæfðar fjárfestingar	12,1%	39,6%	1%
Vænt nafnávöxtun eignasafns	9,3%		
Vænt verðbólga	3,8%		
Vænt raunávöxtun og flökt eignasafns	5,5%	6,6%	100%

Tafla 1. Forsendur fyrir væntri ávöxtun

3. FJÁRFESTINGARSTEFNA

Í samræmi við það sem að framan greinir skal skipting eignasafns í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru í töflu 2. Um nánari skiptingu verðbréfa má sjá í töflu 3.

Fjárfestingar skulu vera í samræmi við heimildir í fjárfestingarstefnu og í samræmi við gildandi lög/samþykktir þar sem við á. Heimilt er að nýta vikið mörk í fjárfestingarstefnu til að nýta tækifæri á mörkuðum og/eða til að draga úr áhættu.

Eignasamsetning getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er, þó að teknu tilliti til hagsmuna leiðanna.

FLOKKAR VERÐBRÉFA	STAÐA 31.12.2024	STEFNA	VIKMÖRK
Innlán í bönkum og sparisjóðum	2,1%	1%	0-20%
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	44,6%	40%	30-100%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	9,6%	13%	0-25%
Sértryggð skuldabréf	6,6%	9%	0-20%
Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingarfélaga	4,4%	2%	0-10%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	0,7%	1%	0-5%
Skuldabréf fyrirtækja	8,4%	10%	0-20%
Hlutabréf	20,2%	20%	0-40%
Hlutir eða hluteildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfest. ⁽²⁾	3,0%	1%	0-5%
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	0,0%	0%	0-1%
Annað	0,0%	2%	0-10%
Innlán og skuldabréf í erlendum gjaldmiðli ⁽¹⁾	0,4%	1%	0-20%
Samtals:	100,0%	100%	

Tafla 2. Flokkar verðbréfa.

⁽¹⁾ Þ.m.t. peningarmarkaðs- og skuldabréfasjóðir

⁽²⁾ Óskráðir skuldabréfasjóðir falla hér undir

EIGNAFLOKKAR	STAÐA 31.12.2024	STEFNA	VIKMÖRK
Innlend skuldabréf og innlán	77,0%	79%	30-100%
Innlend hlutabréf	10,6%	9%	0-20%
Innlendar sérhæfðar fjárfestingar	0,5%	1%	0-5%
Erlend skuldabréf og innlán í erlendum gjaldeyri	0,4%	1%	0-20%
Erlend hlutabréf	11,5%	10%	0-20%

Tafla 3. Nánari takmarkanir eftir eðli fjárfestinga.

4. UNDIRRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Kópavogi, 21. febrúar 2025

Ármann Kr. Ólafsson
Kópavogsbæ

Björg Ágústsdóttir
Grundarfjarðarbæ

Björn Ingimarsson
Múlaþingi

Friðbjörg Matthíasdóttir
Vesturbyggð

Oddur Helgi Halldórsson
Akureyrabæ

Soffía Gísladóttir
Norðurþing

Stefán Jónasson
Vestmannaeyjum

Anna Sigurðardóttir
Framkvæmdastjóri

Undirritunarsíða

Anna Sigurðardóttir

Björn Ingimarsson

Friðbjörg Matthíasdóttir

Stefán Óskar Jónasson

Ármann Kristinn Ólafsson

Björg Ágústsdóttir

Oddur Helgi Halldórsson

Soffía Gísladóttir